

Spurning nr. 2 – Svör allra framboða og samantekt

Það er á ábyrgð ríkis að verkefnum sem falin eru sveitarfélögum fylgi fjármagn. Hvernig ætlar þinn flokkur að tryggja að það fjármagn sem þarf til að reka skóla án aðgreiningar verði veitt frá ríki til sveitarfélaga?

Punktur úr svörum framboðanna:

- A – Björt framtíð segir að verkefni sem færð hafa verið frá ríki til sveitarfélaga hafi verið vanfjármögnuð og því erfitt að ná þeim árangri sem að var stefnt. Þau telja að ríkisvaldinu beri að sjá til þess að sveitarfélögin geti sinnt menntun barna á öllum sviðum.
 - B – Framsókn leggur áherslu á að öllum skólatigum sé tryggt fjármagn til reksturs.
 - C – Viðreisn vill leysa fjárhagsvanda sveitarfélaganna sem bitnar á getu þeirra til að mæta þörfum skólanna. Þau vilja m.a. auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum og byggja upp kjarnastarfsemi.
 - D – Sjálfstæðisflokkurinn vill bíða eftir niðurstöðum úttektar á námi án aðgreiningar sem væntanlegar eru í lok þessa árs og taka ákvarðanir um málefnið út frá þeim.
 - P – Píratar vilja fjárhagslega sjálfstæð sveitarfélög t.d. með því að þau fái útsvar af tekjuskatti fyrirtækja og af þeim virðisaukaskatti sem verður til í sveitarfélaginu.
 - R – Alþýðufylkingin vísar í efnahagsstefnu flokksins sem losar um mikla peningar sem í dag renna til fjármálakerfisins en ætti að renna til sveitarfélaga til að standa undir þeim verkefnum sem þau eiga að sinna.
 - S – Samfylkingin vill réttlátari skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga m.a. til að fjármagna skóla án aðgreiningar og úrbætur í skólamálum.
 - T – Dögun telur að það fé sem ríkið hafði þegar það var með þessi mál á sinni könnu ætti að renna óskert til sveitarfélaga.
 - V – Vinstri græn vilja auka fjármagn í mennta og velferðarmál. Það ætla þau að gera með sanngjarnri gjaldtöku og skattlagningu á breiðustu bökin í þjóðfélaginu.
-

Spurning nr. 2 – Svör allra framboða og samantekt

A – Svar frá Bjartri Framtíð:

Björt framtíð telur að taka beri mið af framangreindum greiningum til að ákvarða hversu mikið fé þarf til að standa undir þessum skyldum og til að stefnan verði virk í verki en ekki mest í orði. Það er kunnara en frá þurfi að segja að öll þau verkefni sem færð hafa verið frá ríki til sveitarfélaga hafa verið vanfjármögnuð. Það hefur leitt til þess að árangur sem að er stefnt næst illa eða ekki og mjög erfitt hefur verið framfylgja stefnum sem lagt er upp með. Rannsóknir sýna að allt það fjármagn sem lagt er til forvarna og stuðnings barna á fyrstu stigum skólagöngu skila sér margfalt til baka ef til lengri tíma er litið. Þetta er alltaf spurning um forgangsroðun og það er ljóst að fram þarf að fara eftir greiningu á stöðu stefnunnar og hvaða kostnaður fylgir henni samtals á milli ríkis og sveitarfélaga um hvernig sá kostnaður verði greiddur. Við teljum að ríkisvaldinu beri að búa þannig um hnútana að sveitarfélögin geti staðið sómasamlega að verki við það mikilvæga verkefni að reka leik- og grunnskóla og gera þannig að börnum líði vel og fái góða menntun á öllum sviðum. Til þess þarf starfsfólki að sjálfsögðu einnig að líða vel. Huga þarf vel mannauði og vel menntuðu starfsfólki. Við teljum nauðsynlegt að ríkisvaldið semji við sveitarfélögin um rekstur og fjármögnun leikskóla og leggi þeim til nýja eða aukna tekjustofna. Björt framtíð vill beita sér fyrir því að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga meðal annars til að reka leikskóla. Sveitarfélögunum ber ekki samkvæmt neinni löggjöf í dag að fjármagna rekstur leikskóla, þó gera sveitarfélög það án sérstaks fjármagns frá ríkisvaldinu til þess

B – Svar frá Framsóknarflokknum:

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Framsóknarflokkurinn leggur áherslu á að öllum skólastigum sé tryggt fjármagn til reksturs. Ólíðandi er að skólar búi við rekstrarumhverfi þar sem t.d. ekki er hægt að kaupa aðföng vegna ónógra framlaga ríkis og sveitarfélaga.

Í ljósi þess hve dregið hefur úr nemendafjölda í kennaranámi er mjög brýnt að bregðast við, skoða vel inntak námsins, starfsvettvang og kjör.

Spurning nr. 2 – Svör allra framboða og samantekt

C – Svar frá Viðreisn:

(Svara sp. 2, 3 og 4 saman.) Viðreisn er meðvituð um að fjarhagsvandi sveitarfélaga bitnar á getu þeirra til þess að mæta þörfum skólakerfisins og vill leitast við að leysa þann vanda. Flokkurinn hefur m.a. á stefnuskrá sinni að auka tekjur hins opinbera af náttúruauðlindum (t.d. í sjávarútvegi og af ferðaþjónustu) og vill koma á fót sérstökum innviðasjóði sem fari til uppbyggingar á kjarnastarfsemi um landið allt.

D – Svar frá Sjálfstæðisflokknum:

Vísað er til svars við lið 1. sem er:

Sjálfstæðisflokkurinn átti frumkvæði að því að samstarfssamningur um framkvæmd úttektar á menntun án aðgreiningar var undirritaður við Evrópumíðstöð um nám án aðgreiningar.

Einnig var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf um úttektina af hálfu stjórnarráðsins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Kennarasambands Íslands, Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra og Skólameistarafélags Íslands.

Sjálfstæðisflokkurinn telur að taka eigi ákvarðanir sem styðji við menntun án aðgreiningar á grundvelli þessarar vinnu, sem hann hefur átt frumkvæði að. Búast má við að niðurstöður úttektar á námi án aðgreiningar liggi fyrir í lok þessa árs.

E - Svör frá Íslensku þjóðfylgkingunni:

Engin svör bárust.

F - Svör frá Flokki fólksins:

Engin svör bárust.

Spurning nr. 2 – Svör allra framboða og samantekt

H - Svör frá Húmanistaflokknum:

Engin svör bárust.

P – Svar frá Pírötum:

Píratar vilja fjárhagslega sjálfstæð sveitafélög. Tillaga Pírata til þess að ná því markmiði er að sveitafélög fái útsvar af bæði tekjuskatti fyrirtækja og af þeim virðisaukaskatti sem verður til í viðkomandi sveitafélagi. Þá skapast hvati í sveitafélaginu til þess að skapa atvinnustarfsemi sem byggir ekki bara á fasteignasköttum og útsvari einstaklinga.

R – Svar frá Alþýðufylkingunni:

Efnahagsstefna Alþýðufylkingarinnar losar um gríðarlega peninga sem í dag renna til fjármálakerfisins. Þegar þeim verðmætum er ráðstafað á félagslegan hátt, meinum við ekki bara ríkissjóð. Hluti af þeim ætti að renna til sveitarfélaga til að standa undir þeim velferðarverkefnum sem þau hafa á sinni könnu

S – Svar frá Samfylkingunni:

Öll börn eiga rétt á góðri menntun og jöfnum tækifærum. Það hefur verið eitt mikilvægasta baráttumál jafnaðarmanna út um allan heim í lengri tíma. Enn er verk að vinna í þeirri baráttu á Íslandi. Sveitarfélög sjá um rekstur leik- og grunnskóla og er hann stærsti útgjaldaliður þeirra. Sveitarfélög hafa ekki fengið sanngjarnan hlut í góðæri síðustu ára, sem hefur skilað tugmilljarða tekjuaukningu til ríkisins á sama tíma og verkefni sem flust hafa frá ríki til sveitarfélaga, ekki síst grunnskólinn og málefni fatlaðra hafa verið alvarlega vanfjármögnuð. Samfylkingin leggur áherslu á réttlátari skiptingu tekna milli ríkis og sveitarfélaga m.a. til að fjármagna nauðsynlegar úrbætur í skólamálum og reka skóla án aðgreiningar.

Spurning nr. 2 – Svör allra framboða og samantekt

T – Svar frá Dögun:

Til að byrja með að láta það fé sem ríkið hafði áður þegar þeir voru með þessi mál á sinni könnu fylgja óskert til sveitarfélaga. Ríkið getur ekki ætlað sveitarfélögum sem eru misstór og öflug sjá um þennan málaflokk fyrir minna fjármagn en ríkið notaði.

V – Svar frá Vinstri hreyfingunni grænu framboði:

Til að unnt sé að brjóta niður múra aðgreiningar þarf aukið fjármagn í mennta- og velferðarmál. VG ætlar að útvega það fjármagn sem til þarf með sanngjarnri gjaldtöku og skattlagningu á þá sem breiðust hafa bökin í íslensku þjóðfélagi og best eru aflögufærir. Með réttlátri skattlagningu og veiðigjöldum verða tugir milljarða króna til viðbótar til ráðstöfunar. VG setur mennta- og velferðarmál í forgang og þar með fullt jafnréttindi til náms.
